

Félagsmálaráðuneytið

Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Mosfellsbæ, 4. maí 2022
Erindi nr. 202205055/11.5 SF

Efni: Umsókn um styrk vegna aukins félagsstarfs

Vísað er til tölvupósts frá félagsmálaráðuneytinu dags. 2. maí 2022, þar sem sveitarfélög eru hvött til að sækja um styrk til að efla félagsstarf fullorðinna einstaklinga á árinu 2022. Með þessari greinargerð er því sótt um styrk til aukins félagsstarfs, 1.200kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins 67 ára og eldri þann 1. janúar 2022 eða samtals 1.628.400kr.

Verkefnislína, samstarfsaðilar og tímalína

Gert er ráð fyrir ýmis konar viðburðum til að efla það starf sem unnið er í Mosfellsbæ fyrir hóp eldri borgara. Verkefnið er samstarfsverkefni Félags eldri borgara og félagsstarfsins í Mosfellsbæ, Hamra hjúkrunarheimilis, Eirar öryggisíbúða, íþróttakennara sem og fleiri kennara. Gert er ráð fyrir að verkefnið og viðburðirnir standi yfir í átta vikur, frá 14. júní - 9. ágúst 2022. Forstöðumaður félagsstarfsins í Mosfellsbæ er sá starfsmaður sem sér um framkvæmd verkefnisins.

Verkefnið snýst um að auðga félagsstarf eldra fólks í Mosfellsbæ sumarið 2022. Verkefnið er bundið við sumarið 2022 svo sem námskeið og viðburðir sem hafa verið skipulögð og er viðbót við það mikla og góða starf sem þegar er til staðar í sveitarfélaginu. Áætlun um aukið félagsstarf fellur að þeim áherslum sem lagðar eru til með verkefninu af hálfu félags- og vinnumarkaðsráðherra, það er aukin áhersla á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu, tæknilæsi sem og forvarnir.

Markhópur

Eldri borgarar sveitarfélagsins er sá hópur sem starfið beinist að og hefur verið leitað leiða til þess að vinna það í samvinnu við fyrrnefnda lykilaðila. Mikil áhersla hefur verið lögð á að taka vel á móti nýjum þátttakendum í félagsstarfi Mosfellsbæjar til að fjölga í þeim hópi sem hafa sótt félagsstarfið. Einnig eru skipulagðir viðburðir bæði fyrir þá gesti sem nýta sér dagdvölinu sem staðsett er í Eirhömrum, sem og fyrir íbúa Hamra hjúkrunarheimilis.



Kostnaðaráætlun

Verkefni	Kostnaðaráætlun
1. Snjalltækjanámskeið Þjónusta – aðkeypt, 30 klst.	200.000kr.
2. Heilsuefling, fræðsla og útinámskeið Þjónusta – aðkeypt, 40 klst. Fyrirlestur næring Göngustafanámskeið	400.000kr. 100.000kr. 100.000kr.
3. Tónlistarhátíð eldri borgara Tónlistarviðburðir, skemmtiatriði Súpukaffi, kökuboð, vöfluboð	200.000kr. 100.000kr.
4. Hjúkrunarheimilið Hamrar Skemmtun, söngur og sögur búnaður á deildir	150.000kr. 150.000kr.
5. Dagdeild Ýmsir viðburðir	228.400kr.

Virðingarfyllst,

Sigurbjörg Fjölisdóttir
Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

